



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2024  
USK24090155

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Arnarnesvegur 3. áfangi - Breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegur áfanga 3. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega stofnstígs (göngu- og hjólastígar) er uppfærð til samræmis við fyrirbyggjandi hönnun mismislaðra gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals. Þá breytast deiliskipulagsmörk Arnarnesvegur innan marka Reykjavíkurborgar til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals. Alls flyst 1.21ha frá Arnarnesskipulaginu og yfir í deiliskipulag Elliðaárdals. Deiliskipulagsmörkin eru breytt þannig að mörkin fara að vegkanti ramps á Arnarnesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum færast þar með yfir í deiliskipulag Elliðaárdals og að mörkum íbúabyggðar ÍB40, samkvæmt uppdráttum frá Eflu, dags. 6. september 2024.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks gegn einu atkvæði fulltrúa Vinstri grænna, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Líklega eru þetta nauðsynlegar breytingar á annars illa útfærðri framkvæmd. Stór vistlok eru sett fram í áætlunum, en tekið fram að um sé að ræða frátekið land, og því er ólíklegt að slík „lok“ yfir Arnarnesveginn verði nokkurn tíma að veruleika. Það var því miður ljóst frá upphafi að það að teikna vistlok yfir veginn til að fegra deiliskipulagið, var í raun ekkert annað en yfirvöld að slá ryki í augu íbúa. Slíkan blekkingarleik á ekki að líða. Yfirvöld vissu vel að ekkert fjármagn var til fyrir þessi vistlok og að þau yrðu líklega aldrei framkvæmd. Kostnaðurinn við að byggja þau síðar er án efa margfalt hærri en ef þau væru unnin samhliða vegagerðinni. Ekki var tekið neitt mark á umsögnum íbúa varðandi lagningu 3. áfanga Arnarnesvegur, sem sýnir enn og aftur að samráðsferlið við íbúa er ekkert annað en sýndarlýðræði.


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið




**Reykjavík**




Fylgiskjöl: upprættir frá Eflu, dags. 6. september 2024.



Gildandi deiliskipulag 1:3000 [A2], auglýst í B-deild 28.10.2022



Breytt deiliskipulag 1:3000 [A2]



Gildandi deiliskipulag 1:10000 [A2], auglýst í B-deild 28.10.2022

### ALMENNT UM DEILISKIPULAGIÐ

Deiliskipulagið er unnið af EFLU verkfræðistofu í samráði við Skipulags og byggingardeild Reykjavíkur og Skipulagsdeild Kópavogs.

Hnitakerfi: ISN93

Legu göngustíga og staðsetning undirganga og göngubrúa getur tekið minni háttar breytingum í verkhönnun út frá staðbundnum aðstæðum.


Deiliskipulagið samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð með umhverfisskýrslu dags. 13. desember 2021.

Bæði uppdráttur og greinargerð voru uppfærð eftir að auglýsingarferli lauk, dags. 13. maí 2022, og fylgir greinargerð með deiliskipulagsuppdrættinum.

### BREYTING Á DEILISKIPULAGI FELST Í EFTIRFARANDI:

1. Lega stofnstígs (göngu- og hjólastígar) er uppfærð til samræmis við fyrirbyggjandi hönnun mislægra gatnamóta Arnamesvegur og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals.
2. Deiliskipulagsmörk Arnamesvegur breytast innan marka Reykjavíkurborgar til samræmis við nýja afmörkun deiliskipulags Elliðaárdals. Alls fer 1.21ha frá Arnameskipulaginu og yfir í deiliskipulag Elliðaárdals. Skipulagsmörkin eru breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnamesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum færast þar með yfir í deiliskipulag Elliðaárdals og að mörkum íbúabyggðar ÍB40.

### AÐ ÖÐRU LEYTI GILDA SKILMÁLAR BIRTRAR GREINARGERÐAR.



Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019 til 2040 Ekki í kvarða.



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 Ekki í kvarða.

### SAMRÆMING VIÐ ÁÆTLANIR

Skipulagsleg staða - Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er skipulagssvæðið, þar sem deiliskipulagsbreyting á sér stað, skilgreint sem OP4 Elliðaárdalur.

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

### SKÝRINGAR

- Mörk sveitarfélaga
- Mörk skipulagssvæðis
- Vegir / stofn- og tengibrautir
- Stofnstígar (6m)
- Tengistígar (3m)
- Kvöð um skjólmyndandi trjágróður
- Undirgöng
- Brýr
- Vistlok (frátekið svæði)
- Hljóðmön / hljóðvegur
- Veghelgunarsvæði
- Minjastaður
- Sjónlínur

### FERILL MÁLS OG SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 samþykkt hjá Skipulagsráði Kópavogs þann \_\_\_\_\_ og staðfest í Bæjarstjórn

Kópavogs þann \_\_\_\_\_.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt hjá Reykjavíkurborg í Umhverfis- og Skipulagsráði þann

\_\_\_\_\_ og í Borgarráði þann \_\_\_\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdarfesti til \_\_\_\_\_.

Deiliskipulag þetta öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Kópavogsbæjar



Umhverfissvið  
Skipulagsdeild Kópavogsbæjar.



Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborgar.

ÚTG. DAGS.	ÚTGÁFUERILL	HANNAÐ TEIKN. YFIRF.

**EFLA**

Reykjavíkurborg Kópavogsbær

VERKNÚMÉR <b>3094-188</b>	HANNAÐ: OMI TEIKNAD: OMI / HHJ YFIRFARID: ST MELT: SAMP.
VERKNÚMÉR	
DAGS. 06.09.2024	MÆLIKVARDI 1:10000 / 1:3000 BLADSTÆRD A2

<b>DEILISKIPULAG</b> Breyting á deiliskipulagsuppdrætti	TEIKNINGA NÚMÉR 01
Arnamesvegur 3.áfangi Frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut.	ÚTGÁFA

O:\Kópavogsbær\_3094\188\_Deiliskipulag\_Arnamesvegur09\_TekningarArk\_Jayou\LAY\_3094\_188\_Arnamesvegur\_dsk\_Deiliskipulagsbreyting við ÍB40.dwg